

Fundargerð stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

Fundur haldinn mánudaginn 8. ágúst klukkan 15:00, Síðumúli 15.

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, Marianna Gunnarsdóttir, gjaldkeri, Anna Guðjónsdóttir meðstjórnandi, Helga Kolbeinsdóttir, ritari og Anna María Ingvarsdóttir varamaður. Forföll boðaði Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir. Silja Ösp Jóhannsdóttir, nýr verkefnastjóri félagsins kom inn á fundinn í lok fundar. Fundargerð ritaði Daníel Örn.

Starfsmannamál

- Framkvæmdastjóri félagsins er farin í tímabundið leyfi frá störfum fyrir félagið af persónulegum ástæðum. Silja Ösp Jóhannsdóttir, starfsmaður skrifstofu, tekur við ákveðnum verkefnum framkvæmdastjóra. Stjórn félagsins fer í fjarveru framkvæmdastjóra með starfsmannamál félagsins.
- Auglýst hefur verið laus staða á skrifstofu félagsins.
- Á meðan starfsfólk skrifstofu aðlagast nýjum störfum fyrir félagið biðjum við félagsmenn að sýna þeim skilning og þolinmæði.

Erindi sent til stjórna deilda standandi fuglahunda

Stjórn HRFÍ bendir á að samkvæmt veiðiprófareglum fyrir standandi fuglahunda (gilda frá 01.03.21) ber stjórnnum deilda að skila inn áætlun og umsóknum fyrir veiðipróf næsta árs til veiðiprófanefndar fyrir 1. ágúst og sú áætlun, yfirfarin og samræmd af veiðiprófanefnd, á að berast stjórn fyrir 1. september ár hvert.

Erindi sent til stjórnar Schäfer-deildar

Stjórn HRFÍ hefur ítrekað borist til eyrna að félagsmenn sem hafa verið útilokaðir frá þátttöku í viðburðum félagsins hafi tekið þátt í viðburðum á vegum deildarinnar. Lög og reglur félagsins ná yfir starfsemi deilda félagsins og gilda á viðburðum deilda.

Samþykkt dómaraáttindi

12. júlí síðastliðinn barst beiðni frá Heiðari Sveinssyni fyrir hönd dómaraáttis þar sem óskað var eftir samþykkt dómaraáttinda Þórhalls Atlasonar. Stjórn HRFÍ samþykkti beiðnina og sendi svar sitt þann 18/7'22. Óskar stjórn Þórhalli til hamingju með árangurinn.

Minningarsjóður Emilíu Sigursteinsdóttur

- Stjórn félagsins, sem fer með úthlutun úr sjóðnum, lagði 500.000 kr inn á sérstakan reikning hjá FCI sem sér um að koma upphæðinni til hundaræktarfélagsins í Úkraínu. Fjárveitingum er þaðan komið til þeirra sem á þurfa að halda.
- Minningarsjóður Emilíu er styrktarsjóður og er hlutverk hans að styrkja málefni heimilislausra hunda. Tekjur sjóðsins eru framlög vegna minningarkorta, frjáls framlög einstaklinga og fyrirtækja. Árlegt framlag Hundaræktarfélags Íslands og vextir af höfuðstóli. Stjórn sjóðsins úthlutar styrk/styrkjum 8. ágúst ár hvert. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu HRFÍ.

Næsti fundur er áætlaður 29. ágúst klukkan 16:30

Fundi slitið